



ÁFANGASKÝRSLA  
ART VERKEFNISINS Á SUÐURLANDI  
FYRIR STARFSÁRIÐ 2020

Sigríður Þorsteinsdóttir

Verkefnisstjóri

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	síða 2
Inngangur .....	síða 3
Markmið .....	síða 3
Aðferðir .....	síða 3
Spurningalistar fyrir foreldra og kennara.....	síða 5
Spurningarlisti fyrir börn .....	síða 8
Niðurstöður.....	síða 10
Lokaorð .....	síða 12

## Inngangur

Árið 2020 hafa 39 börn og fjölskyldur verið í ART hjá ART teymi Suðurlands. Þessar fjölskyldur hafa komið í fjölskyldu ART hjá teyminu og eða verið í einstaklings fjölskyldu ART og börnin hafa fengið í flestum tilvikum ART í skólanum. Teymið hefur þá séð um handleiðslu fyrir þá starfsmenn sem unnið hafa með börnin í ART, bæði þar sem hóp ART og bekkjar ART hefur verið. Flest börnin hafa þá fengið ART þjálfun þrisvar í viku í skólanum og svo verið í fjölskyldu ART einu sinni í viku. Einnig hefur verið eftirfylgni með 20 fjölskyldum á haustönn.

ART (aggression replacement training) er hugræn atferlismeðferð sem er þríþætt. Félagsfærni, sjálfstjórnun/reiðstjórnun og siðferðisþjálfun. Í dag er unnið með ART bæði sem meðferðarmódel þar sem boðið er upp á bekkjar ART og ART í minni hópum í skólanum og fjölskyldu ART sem ART teymi sér um. Bekkjar ART er forvörn auk þess sem það syður vel við meðferðar ARTið. Með því að samþætta þetta næst betri árangur og sú yfirfærsla sem nauðsynleg er verður auðveldari fyrir börnin þegar skóli og fjölskylda ganga í takt.

Námskeið eru haldin fyrir alla þá sem koma að vinnu með börnum. 2020 voru haldin 5 námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla og þjónustumiðstöðva í Reykjavík og eitt námskeið fyrir starfsfólk búsetuúrræðis á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

## Markmið

Markmiðið er fyrst og fremst að gera börnunum kleift að fá meira út úr lífinu - að styrkja félagsfærni þeirra, sjálfstraust, samskipti og aðlögun í félagslegu umhverfi. Búast má við að markmið séu ekki þau sömu hjá hverju barni, heldur mismunandi og einstaklingsbundin.

## Aðferðir

Börn sem koma inn á borð hjá ART teymi fá fjölskyldu - ART í 12 skipti sem stendur yfir í fjóra og hálfan mánuð. Eftir fyrsta samtal byrjar 10 vikna prógramm þar sem foreldrar koma sjálfir fyrstu fjórar vikurnar og læra hugmynda- og aðferðafræðina. Næstu 6 vikurnar þar á eftir koma börnin með og

vinna með foreldrum og systkinum bæði í tíma og heima. Fjölskyldan vinnur svo áfram heima undir handleiðslu ART teymis og mætir svo 2 sinnum með mánaðar millibili á næstu önn til að bera saman bækur sínar með öðrum fjölskyldum úr fjölskyldu - ART hópnum. Í flestum tilvikum fer ART af stað í skólunum fyrir börnin á sama tíma.

Hér er um að ræða börn fædd 2006 til 2014 sem hafa verið í fjölskyldu - ARTi og ARTi í sínum skóla vor og haust 2020. Tekin voru börn sem hafa eftirfarandi greiningar og félagslega erfiðleika:

- ❖ ADHD
- ❖ Kvíðaraskanir
- ❖ Einhverfa
- ❖ Depurð
- ❖ Mótþróaþrjóscuröskun
- ❖ Misþroski
- ❖ Málþroskaröskun
- ❖ Börn undir greiningar viðmiðum en hafa komið inn vegna félagslegra erfiðleika

Spurningarlistar voru lagðir fyrir foreldra, kennara og börn. Foreldrar 22 barna og kennarar 11 barna svöruðu spurningunum. 22 börn tóku þátt og svöruðu spurningunum. Erfiðara var að ná í þátttakendur þetta árið út að ástandinu í samfélaginu. Spurningar voru lagðar fyrir eftir 10 vikur í fjölskyldu - ART.

Ef útkoma í niðurstöðum er mikið frábrugðin svörum síðustu ára má líklega rekja það til þess að árið 2020 hefur ekki verið venjulegt ár. Skólar lokaðir, samkomubann og ill gerlegt að halda úti fjölskyldu ART og meðferð. Á vorönn unnum við með foreldrum gegnum tölvupóst og síma eftir að fimm skipti voru búin í hóptímum. Á haustönn náðum við 6 hóptímum og síðan var unnið í gegnum Teams, þá bæði með foreldrum og börnum og verkefni lögð fyrir. Látum okkur sjá í lok skýrslunnar hver útkoman verður.

## Spurningarlisti fyrir foreldra og kennara með börn í ART á árinu 2019

1. Hefur barn / unglingur átt auðveldara með félagsleg samskipti síðan hann/hún byrjuðu í ART?

Svarmöguleikar:  Já  nei

foreldrar svöruðu já	18
foreldrar svöruðu nei	4
kennara svöruðu já	28
kennarar svöruðu nei	3

2. Hefur barn / unglingur átt auðveldara með að hafa stjórn á sínum eigin tilfinningum síðan hann/hún byrjuðu í ART?

Svarmöguleikar:  Já  nei

foreldrar svöruðu já	21
foreldrar svöruðu nei	1
kennarar svöruðu já	9
kennarar svöruðu nei	2

A) Hefur barnið átt auðveldara að stjórna sinni hvatvísi?

Svarmöguleikar:  Já  nei

foreldrar svöruðu já	12
foreldrar svöruðu nei	10
kennarar svöruðu já	8
kennarar svöruðu nei	3

B) Hefur sjálfstraust aukist hjá þínu barni?

Svarmöguleikar:  Já  nei

foreldrar svöruðu já	19
foreldrar svöruðu nei	3
kennarar svöruðu já	9
kennarar svöruðu nei	2

3. Hefur þolinmæði aukist í samskiptum við aðra?

Svarmöguleikar:  Já  nei

foreldrar svöruðu já	18
foreldrar svöruðu nei	4
kennarar svöruðu já	10
kennarar svöruðu nei	1

A) *Að hlusta?*

Svarmöguleikar:  Já  Nei

foreldrar svöruðu já	18
foreldrar svöruðu nei	4
kennarar svöruðu já	11
kennarar svöruðu nei	0

B) *Að bíða eftir að röðin komi að þér?*

Svarmöguleikar:  Já  Nei

foreldrar svöruðu já	17
foreldrar svöruðu nei	5
kennarar svöruðu já	8
kennarar svaraði nei	3

4 *Á barnið þitt auðveldara með að tjá sig um hluti sem eru erfiðir?*

Svarmöguleikar:  Já  Nei

foreldrar svöruðu já	11
foreldrar svöruðu nei	11
kennarar svöruðu já	9
kennarar svöruðu nei	2

5 *Finnst þér fjölskyldu ART hafa hjálpað ykkar barni/ungling?*

Svarmöguleikar:  Já  Nei

foreldrar svöruðu já	22
foreldri svaraði nei	0
kennarar svöruðu já	8
kennarar svöruðu nei	3

6 *Eru samskipti barnsins við aðra í bekknum/fjölskyldunni auðveldari?*

Svarmöguleikar:  Já  Nei



foreldrar svöruðu já	20
foreldrar svöruðu nei	2
kennarar svara já	8
kennarar svara nei	3

7 *Munið þið halda áfram að nota ART í framtíðinni?*

Svarmöguleikar:  Já  Nei

foreldrar svöruðu já	22
foreldri svaraði nei	0
kennarar svöruðu já	8
kennarar svöruðu nei	3

# Niðurstöður



## Spurningarlisti fyrir börn/unglinga

1. Átt þú auðveldara með að tala /leika við aðra krakka síðan þú byrjaðir í ART?

Svarmöguleikar:  Já  Nei

börn svöruðu já 14

börn svöruðu nei 8

2. Finnst þér þú hafa betri stjórn á þér núna eftir að þú byrjaðir í ART?

Svarmöguleikar:  Já  Nei

börn svöruðu já 19

börn svöruðu nei 3

A) Stoppar þú og hugsar áður en þú gerir hluti?

Svarmöguleikar:  Já  Nei

börn svöruðu já 22

börn svöruðu nei 0

B) Ertu öruggari með sjálfan þig?

Svarmöguleikar:  Já  Nei

börn svöruðu já 18

börn svöruðu nei 4

3. Finnst þér þú hafa meiri þolinmæði núna?

Svarmöguleikar:  Já  Nei

börn svöruðu já 16

börn svöruðu nei 6

A) Að hlusta?

Svarmöguleikar:  Já  Nei

börn svöruðu já 21

börn svöruðu nei 1

B) Að bíða eftir að röðin komi að þér?

Svarmöguleikar:  Já  Nei



börn svöruðu já	18
börn svöruðu nei	4

4 Átt þú auðveldara með að segja frá hlutum sem eru erfiðir síðan þú byrjaðir í ART  
Svarmöguleikar:  Já  Nei

svöruðu já	17
svöruðu nei	5


5 Átt þú auðveldara með að tala við pabba og mömmu síðan þú byrjaðir í F-ART?  
Svarmöguleiki:  Já  Nei

börn svöruðu já	22
börn svöruðu nei	0

6 Ertu í ART í skólanum?  
Svarmöguleikar:  Já  Nei

börn svöruðu já	4
börn svöruðu nei	18


## Niðurstöður




## Samantekt niðurstaðna

Heildarniðurstaða í prósentum þar sem foreldrar, kennarar og börn svara


Sp. 1 Félagsleg samskipti




Sp. 2 Betri stjórn á tilfinningum




Sp. 2a Betri stjórn á hvatvísi




Sp. 2b Betra sjálfstraust




Sp. 3 Aukin þolinmæði




Sp. 3a Hlustar betur




Sp. 4 Auðveldara með að tjá sig




Sp. 5 Fjölskyldu ART hjálpað



Sp. 6 Er ART í skólanum?



Sp. 7 Nota ART áfram? For. og kennarar svara



## Framhaldið

Þegar þessi skýrsla er gerð, hafa fjölskyldur sem voru í fjölskyldu - ART á haustönn 2020 lokið tíu skiptum og komnar í handleiðslu og fjögurra vikna vinnu heima með sínum börnum. Þær fjölskyldur sem að voru í fjölskyldu - ART á vorönn 2020 eru búnar að vera í eftirfylgni nú á haustönn 2020. Haust fjölskyldurnar koma svo saman einu sinni í lok janúar og einu sinni í lok febrúar og fá eftirfylgni út vorönn 2021.

## Áframhald 2021

Inntökuráð ART teymis samanstendur af verkefnastjóra ART teymis, einum starfsmanni teymis og Bjarna Bjarnasyni hugrænum atferlisfræðing og einnig er haft samráð við barnalækni. Inntökuráð kom saman þann 14. desember 2020 og fjallaði um 32 umsóknir fyrir vorönn 2021. Þar af voru 26 umsóknir samþykktar inn fyrir vorönn 2021 ásamt þeim 21 erindum sem eru í eftirfylgni út vorönn 2020. Einnig mun ART teymið halda námskeið og kynningar.

## Lokaorð

Í því árferði sem hefur verið ríkjandi höfum við séð mikla aukningu í þörfinni fyrir ART þjálfun. Mikilvægt hefur verið að halda góðum samskiptum við fjölskyldurnar á þessum tímum þegar takmarkanir hafa verið í gildi. Hafa þau þá farið fram í gegnum síma, tölvupóst og/eða teams. Starfsmenn teymisins hafa lagt mikla vinnu í að aðlaga starfið að þörfum fjölskyldunnar á þessum fordæmalausu tímum og finna nýjar leiðir. Þessi vinna hefur skilað árangri og sést það meðal annars á miklum mun á utanumhaldi hjá hópum vorannar sem voru í gangi í fyrstu bylgju faraldursins og hópum haustannar sem voru í gangi í þriðju bylgju. Þessi mannlegu, beinu samskipti eru mikilvægur hlutur sem gagnast alltaf best en höfum við þó séð meiri árangur en við þorðum að vona af fjarsamskiptunum. Eftir því sem tímanum vindur fram lærum við meira um hvernig æskilegt er að haga sér og vinnu sinni í faraldrinum og hefur því verið meiri nálægð við skjólstaðinga á haustmánuðum heldur en var á vormánuðum og sama á við um upphafi árs 2021 þó að sjálfsögðu með öllum viðeigandi sóttvarnarráðstöfunum.

Eins og sjá má á tölunum hér að framan eru allir aðilar að sjá árangur. Börnin eiga erfiðara með að gera sér eins skýra grein fyrir því að breytingar hafa orðið, en foreldrar og kennarar sjá mun og mikinn mun í flestum tilfellum. Einnig má sjá að þó að starfið hafi farið fram að mestu leiti á annan hátt er útkoman sú sama að foreldrar, börn og kennarar eru að sjá árangur af starfinu. Það hefur verið erfiðara að ná á kennarna til að fá svör við spurningunum þar sem að flestir skólar hafa haft takmarkanir á utanaðkomandi umferð inn í skólana.

Starfsmenn teymisins sjá mikinn mun hjá foreldrum þar sem að þeir eru að nýta sér þetta nýja verkfæri dagsdaglega, ekki bara með börnum sínum heldur líka í samskiptum við skóla. Þar sem oft hefur orðið misbrestur á í samskiptum foreldra og skóla hefur ART þjálfun haft góð áhrif á samskiptin.

Við sjáum líka að það er meiri munur á árangri barnanna þar sem kennarar eru virkir og eru með ART í skólanum á sama tíma og teymið vinnur með fjölskyldu og barn.

Þess vegna er mikilvægt að allir hjálpist að til að hjálpa einstaklingnum. Samvinna þeirra aðila sem koma að barninu er lykilatriði.

Póstáritun:  
Velferðarráðuneytið  
Félags- og jafnréttismálaráðherra  
Skógarhlíð 6  
105, Reykjavík